



EINKUNNARORÐ RÓTARÝ ERU:

„Þjónusta ofar eigin hag“

HVAÐ ER RÓTARÝ?

Rótarý er hreyfing fólks úr viðskipta- og atvinnulífi og opinberri þjónustu. Rótarýhreyfingin er alþjóðafélagsskapur sem er starfandi í meira en 200 löndum í öllum heimsálfum.

Félagar eru rúmlega 1,2 milljónir í um 35 þúsund klúbbum.

Þessi alþjóðlegu samtök standa fyrir mannúðar- og menningarstarfi, stuðla að sem bestu siðgæði í öllum starfsgreinum og hvetja til góðvildar og friðar í heiminum. Til marks um það er opinbert kjörorð alþjóðahreyfingarinnar: „Þjónusta ofar eigin hag“.

Á Íslandi er 31 rótarýklúbbur með um 1300 félagar. Í klúbbunum er lifandi starf og vikulegir fundir með fróðlegum fyrirlestrum og umræðu. Reynt er að hafa fulltrúa sem flestra atvinnugreina í hverjum klúbbsi og koma klúbbfélagar með tillögur um nýja félagar. Félagar eru á öllum aldri og af báðum kynjum. Rótarýfélagi getur sótt rótarýfund hjá hvaða rótarýklúbbsi sem er í heiminum.


FJÓRPRÓF RÓTARÝFÉLAGA

- Er það satt og rétt?
- Er það drengilegt?
- Eykur það velvild og vinarhug?
- Er það öllum til góðs?

ÁTT ÞÚ SAMLEIÐ MEÐ RÓTARÝ?



Rotary
Ísland



Skrifstofa: Suðurlandsbraut 54, Reykjavík,
netfang: rotary@rotary.is • sími 568 2233

www.facebook.com/rotary.island

www.rotary.is • www.rotary.org



ÞÚ MARKAR
SPOR MEÐ
RÓTARÝ



Einkunnarorð Rótarý eru: „Þjónusta ofar eigin hag“

RÓTARÝ BÝÐUR FÉLÖGUM SÍNUM:

- Félagsskap fólks með sameiginleg markmið.
- Tækifæri til að þjóna samfélaginu, taka framförum í starfi og stuðla að vináttu milli þjóða.
- Kynni af forystumönnum á öðrum sviðum atvinnulífsins.
- Fjölbreytt og fræðandi fundarefni á mörgum klúbbfundum.
- Kunningsskap við rótarýmenn á fundum í öðrum klúbbum.

VERKEFNI RÓTARÝ

Rótarýsjóðurinn (Rotary Foundation) er oft kallaður flaggskip hreyfingarinnar. Rótarýklúbbar um allan heim leggja fé til hans og ráðstafar hann yfir 100 milljónum dollara árlega til mannúðar-, fræðslu- og menningarmála.

Langstærsta verkefni Rótarý undanfarið hefur verið baráttan gegn lömunarveiki, svonefnt Polio-Plus verkefni. Gríðarlegur árangur hefur náðst og hefur lömunarveiki nánast verið útrýmt í heiminum.

Tveggja ára námsstyrkir til meistaranáms í friðarmálum er eitt af nýrri verkefnum sjóðsins og hafa 11 Íslendingar nú þegar hlotið þennan glæsilega styrk.

Sjóðurinn styrkir fjölmörg verkefni um allan heim. Nánar má sjá um sjóðinn á www.rotary.is

UNGMENNAÞJÓNUSTA

Rótarýhreyfingin hefur lengi sinnt málefnum barna og ungmenna. Vega þar mest nemendaskipti sem standa til boða börnum rótarýfélaga sem og annarra. Skiptinemar 16-18 ára dveljast 11 mánuði í gestgjafalandinu, oftast á heimilum rótarýfélaga. Skiptin eru gagnkvæm á milli tveggja rótarýklúbba.

Rótarýhreyfingin býður upp á 2-3 vikna sumarþúðir ætlaðar 16-24 ára ungmennum. Er í boði fjölbreytt dagskrá í ýmsum löndum Evrópu.

Einn rótaractklúbbur er starfandi á Íslandi en hann skipa ungmenni 18-30 ára.

Rótarýfélagar í Georgíufylki í Bandaríkjunum veita árlega 80-90 styrki til 18-24 ára námsmanna til eins árs háskólanáms í fylkinu. Yfir 60 Íslendingar hafa hlotið slíka styrki.

AÐ GERAST RÓTARÝFÉLAGI

Félögum er boðin þátttaka í rótarýklúbbi. Hver klúbbur er einstakur. Ef þú telur þig eiga heima í Rótarý fáðu þá að kynna Rótarý. Gerðu eftirfarandi:

- Finndu klúbb á www.rotary.is
 - Sendu póst til klúbbsins með upplýsingum um starfsreynslu þína og ástæðum fyrir því að þú hafir áhuga á að gerast rótarýfélagi.
- Haft verður samband við þig.

Rotary

